From: ogmundur.hrafn.magnusson@fjr.stjr.is [mailto:ogmundur.hrafn.magnusson@fjr.stjr.is]
Sent: 23. nóvember 2007 16:25
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Subject: Lög um aukatekjur ríkissjóðs, 234. mál

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/503
komudagur 28.11.2007

Sæll Eiríkur

Frá DKM hefur aftur borist breytingartillaga að lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Hún er hinsvegar mjög lítil. Okkur Ingva datt helst í hug að reyna að koma henni inn í breytingatillöguna sem lögð var fram síðastliðinn þriðjudag. Hvernig líst þér á það? Auk þess hefur læðst smá þýðingarvilla inn i athugasemdir með frumvarpinu sem helst þarf að breyta.

Þetta er það sem kom frá DKM:

Varðandi breytingu á lögum um aukatekjur ríksissjóðs þá vorum við að uppgötva að í ákvörðun Ráðherraráðs Evrópuráðsins um hækkun á gjaldi fyrir vegabréfsáritanir er gert ráð fyrir að um sé að ræða gjald fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun sem greiðist fyrir umsókn hvort sem vegabréfsáritun er veitt eða henni synjað.

Er möguleiki á að koma að breytingum á orðalagi við frumvarpið þannig að fyrir framan orðin " **vegabréfsáritun .....**" í liðum 5-13 í 14. gr. verði bætt orðunum " **fyrir afgreiðslu umsóknar um**" vegabréfsáritun .....?

Með tilskipuninni sem breytingin grundvallast á er verið er að innleiða breytingu á gjaldi fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun. Nauðsynlegt er að breyta ákvæði laganna í þessa veru.

Þá kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að um sé að ræða ákvörðun Evrópuráðsins. Það er ekki rétt. Hér er ekki um ákvörðun Evrópuráðsins að ræða heldur ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins sem samþykkt hefur verið að innleiða hér á landi vegna samningsins um Schengen samstarfið. Þetta þarf líka að leiðrétta.

kv. Ögmundur